

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 4. október 2006, kl 17:15.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Ólafur Elísson, Þorsteinn Finnbogason, Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Bjarni B. Kristjánsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður bauð nýja fulltrúa velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### **1. Skólastarfið og annarbyrjun:**

- Skólinn var settur mánudaginn 21. ágúst og kennsla hófst daginn eftir.
- Nýir kennarar Soffía Arnórsdóttir og Aldís Gunnarsdóttir. Áslaug Tryggvadóttir í leyfi, Erlingur Richardsson í hálfri stöðu og Elliði Vignisson er hættur. Spurt var um fjölda kennara og stöðu réttindamála. Þrír eru að ljúka réttindum og 4 eru eftir. Beðið var um að upprifjun yfir réttindamálin frá 2004, þegar skólanefnd samþykkti tilmæli til réttindalausra kennara, yrði lögð fyrir næsta fund
- Nemendur eru nú mun fleiri en búist var við. 293 nemendur (uþb 250 ársnemar) í skólanum, þar af 18 úr grunnskóla og 25 í öldungadeild. Félagsfræðabraut fjölmennust með 91 nemanda. Nokkur umræða varð um nemendafjölgun og hvort fjárframlög til skólans yrðu í samræmi við fjölda ársnemenda, en því taldi skólanefndin mikilvægt að fylga eftir. Einnig voru menn ánægðir með að nemendur á Hvolsvelli gætu stundað hér nám.
- Skólameistari sótti stjórnunarnámskeið hjá EHÍ 18. – 19. sept. í stjórnun opinberra stofnana og fjármálastjóri sótti námskeið á sama tíma í ársreikn. ofl.
- Vinnustofa vegna sjálfsmats var haldin með öllu starfsfólki (nema ræst.) 22. sept og voru Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Halldóra Hinriksdóttir frá Capacent-Gallup okkur til aðstoðar. Viðfangsefnið var árangursmælikvarðar. Skólameistari fór yfir það sem búið er að gera síðustu misseri og skýrði frá því að sjálfsmatskerfi, byggt á stefnumiðuðu árangursmati, yrði tilbúið um áramót.
- Helstu viðhaldsframkvæmdir sumarsins: Endurnýjun á gamla kvennasalerninu, ný sólstofa og brunavarnarkerfi í 2. og 3. hæð í eldri álmu hússins.
- Ný heimasíða hefur verið opnuð.

### **2. Íþróttakademía**

Skólameistari og Elliði fóru yfir málið og fram kom að undirbúningur er vel á veg komin, tilraunakennsla verður í smáum stíl í vetur, en undirbúningi verði lokið sem fyrst. Kynningarátak yrði í vor og síðan farið á fulla ferð næsta haust. FÍV, ÍBV og bærinn hafa fundað og samþykkt að stofna samráðshóp, sem væntanlega fær aðstoð atvinnuþróunarfélagsins til að gera rekstraráætlun. Námið, sem er blanda af verklegum íþróttum (handbolli og fótbolli) og bóklegri íþróttufræði, verður tengt námi á félagsfræðabraut (uþb 30 einingar af 140). Mikil áhersla var á að þetta námstilboð yrði klætt í þannig búning að það yrði spennandi og eftirsóknarvert meðal væntanlegra nemenda. Í framhaldi af því var minnt á samstarf skóla og bæjarins um kynningar, sem áður hefur verið rætt í nefndinni.

### **3. Fundardagar og fundargerðir skólanefndar.**

Rætt var um fasta fundardaga nefndarinnar og var samþykkt að hafa fund fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði á starfstíma skólans. Skólameistari bað menn að

Íhuga það hvernig nefndin vill haga ritun og frágangi fundargerða, ásamt því hvort þær eiga að birtast á heimasíðu skólans og sendast til allra aðal og varamanna í skólanefnd. Samþykkt var að fundargerð yrði send út ca 2 dögum eftir fund til þeirra er sátu fundinn, með ósk um athugasemdir ef einhverjar væru. Að fengnu álit fundarmanna í tölvupósti, væri fundargerð birt á heimasíðu skólans, þannig að ekki þarf að senda hana til allra. Formleg samþykkt og undirritun yrði svo á næsta fundi nefndarinnar.

#### **4. Önnur mál.**

Rætt var um félagsmál nemenda og skýrði Bjarni frá því helsta sem nemendafélagið hefur staðið fyrir. Greinilegt er að starfið þar er öflugt og gengur vel. Spurt var um notkun á kennslukerfinu “Námsskjá” í kennslunni og kom fram að flestallir kennarar nota kerfið meira og minna og fer notkunin vaxandi. Einnig var nefnd sú hugmynd að öll próf færu á heimasíðu skólans. Minnt var á kynningarfund sem skólinn heldur 10. október fyrir nýnema og foreldra. Um leið verður fundur í Foreldra- og hollvinafélagi skólans.

Næsti fundur áætlaður í miðvikudaginn 8. nóvember.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:25  
Ólafur H. Sigurjónsson.